

# Leiðin að Árborg okkar allra

2022 - 2026

Leiðarljós D-listans í Árborg er að auka hagsæld sveitarfélagsins og tryggja velferð íbúa í Árborg. Saman ætlum við að gera kröftugt samfélag enn betra. Við ætlum að auka samráð, bæta upplýsingaflæði og hlusta á sjónarmið bæjarbúa.

Skýr framtíðarsýn er forsenda þess að sveitarfélagið megi vaxa og dafna. D - listinn í Árborg mun því hefja vinnu við gerð heildarstefnumótunar innan sveitarfélagsins sem markar leið sveitarfélagsins til framtíðar. Framtíðarsýnin verður að vera skýr, raunhæf og byggja á ábyrgum og traustum rekstri. Það er forsenda þess að unnt sé að lækka álögur og veita sveigjanlega og framúrskarandi þjónustu sem mætir þörfum íbúa og fyrirtækja.

Formaður bæjarráðs og bæjarstjóri ásamt öðrum bæjarfulltrúum munu vinna þétt saman sem sterk liðsheild að þeim krefjandi verkefnum og tækifærum sem framundan eru sveitarfélaginu til heilla.

## Rekstur og stjórnsýsla

- Sýna ábyrga fjármálastjórn og leita leiða til að lækka kostnað og auka tekjur sveitarfélagsins
- Skapa forsendur til að lækka álögur á einstaklinga og fyrirtæki t.d. með því að lækka álagningarprósentu fasteignaskatts
- Vinna áfram að stafrænni umbreytingu
- Auka gagnsæi í rekstri sveitarfélagsins með því að opna bókhaldið
- Einfalda verkferla og stytta boðleiðir
- Auka samtali við íbúa með því að halda reglulega íbúafundi

## Skipulag og framkvæmdir

- Vinna að því að uppbygging innviða haldist í hendur við uppbyggingu íbúða- og atvinnuhúsnæðis
- Auka framboð atvinnulóða fyrir fjölbreytta starfsemi
- Leggja áherslu á umhverfismál og sjálfbærni í skipulagsmálum

- Vinna að framtíðarskipulagi Austurvegar og fleiri svæða í sveitarfélaginu
- Leggja áherslu á fjölbreytta byggð, snyrtilegan frágang og umhverfisvæna byggingarkosti
- Bæta skipulag almenningssamgangna í sveitarfélaginu
- Fylgja eftir framtíðaruppbyggingu Selfossflugvallar

### **Atvinna og nýsköpun**

- Gera atvinnustefnu fyrir sveitarfélagið
- Vinna að því að setja á stofn þekkingarsetur í samvinnu við opinbera aðila og fyrirtæki í sveitarfélaginu
- Leggja áherslu á skapandi starf og nýsköpun
- Vinna að því að fá fyrirtæki með fjölbreytta starfsemi í sveitarfélagið

### **Skólastarf**

- Styðja og efla leik- og grunnskóla starf í sveitarfélaginu og bæta starfsumhverfi nemenda og starfsfólks
- Hefja niðurgreiðslu til foreldra vegna daggæslu við 10 mánaða aldur
- Vera málsvari enn frekara háskólanáms í sveitarfélaginu
- Vinna að framtíðaruppbyggingu skólahúsnæðis á Eyrarbakka

### **Velferð og heilsa**

- Stuðla að aukinni samvinnu á milli heimaþjónustu og heimahjúkrunar
- Vinna að auknu framboði þjónustu- og búsetuúrræða í samráði við hagsmunaaðila
- Vinna að fjölgun atvinnu- og virkniúrræða einstaklinga með skerta starfsgetu
- Vinna markvisst að bættu aðgengi fólks með fötlun í kjölfar úttekta á aðgengismálum í sveitarfélaginu

- Styðja við áframhaldandi innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna
- Meta kosti þess og galla að sveitarfélagið sjái sjálft um málefni fólks með fötlun
- Halda reglulega fundi með félögum eldri borgara í sveitarfélaginu allt kjörtímabilið

### **Umhverfi og útivist**

- Bæta aðgengi, öryggi og merkingar fyrir hjólréiðamenn, hestamenn og gangandi vegfarendur
- Huga sérstaklega að grænum og opnum svæðum og gróðursetja á þeim á markvissan hátt
- Finna leiðir til að auka endurvinnslu og endurnýtingu
- Styðja við rafbílavæðingu með fjölgun hleðslustöðva
- Setja upp grillaðstöðu við opin svæði í hverjum þéttbýliskjarna

### **Íþróttir, frístundir og menning**

- Leggja áherslu á forvarnir, heilsusamlegan lífsstíl og fjölga valkostum til heilsueflingar í gegnum heilsueflandi samfélag
- Bjóða upp á frístundastyrk fyrir yngri iðkendur
- Setja upp árlega lýðheilsuviku fyrir alla aldurshópa
- Vinna að tímasettri áætlun um framtíðaruppbyggingu íþrótta- og frístundamannvirkja í sveitarfélaginu í samstarfi við hagsmunaaðila
- Vinna að bættri aðstöðu við sundlaugar sveitarfélagsins
- Vinna að auknu framboði námskeiða í listum og skapandi greinum í samstarfi við hagsmunaaðila
- Vinna að áframhaldandi uppbyggingu á menningarsal í Hótel Selfoss í samstarfi við ríki og einkaaðila

Verkefni næstu ára eru umfangsmikil og má þar nefna rekstur sveitarfélagsins, orkuöflun, uppbygging grunninnviða, skipulagsmál, atvinnumál og velferðarmál allra íbúa Árborgar. Við munum leggja áherslu á vandaða stjórnsýslu og að finna farsælar lausnir í samvinnu við íbúa.

Bæjarstjórn D-listans í Árborg mun nýta stefnuskrá kosningabaráttunnar sem leiðarljós fyrir næstu fjögur árin. Þannig geta íbúar sveitarfélagsins fylgst með framgangi þeirra mála sem sett hafa verið fram á kjörtímabilinu.

Bragi Bjarnason

Fjóla St. Kristinsdóttir

Kjartan Björnsson

Sveinn Ægir Birgisson

Brynhildur Jónsdóttir

Helga Lind Pálsdóttir

*Þar sem þú skiptir máli*